

# Félagsfundur Foreldrafélags Akurskóla (FFA)

**Haldinn 28. september 2009**

Mættir: Guðmunda Hergeirsdóttir, Inga Birna Kristinsdóttir, Kristín Helgadóttir, Harpa Eiríksdóttir, Hafdís Hill, Sigrún Hill, Karólína Einarsdóttir, Anna Sofía Wahlström, Íris Hauksdóttir, Dagný Helgadóttir, Guðbjörg Leifsdóttir, Rákel Þorsteinsdóttir, Eysteinn Jónsson, Arinbjörn Þórisson, Sigríður Guðmundsdóttir og Þór Sigurðsson, Kristín Þórunn K. Sólbjörg Gunnbjörnsdóttir. Guðrún Reynisdóttir, Ágúst Aðalbjörnsson, Elín Thelma Róbertsdóttir, Helga Andrésdóttir, Jóna Guðrún Jónsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir, Brynja Oddgeirsdóttir, Hafdís Hafsteinsdóttir, Lovísa Hafsteinsdóttir, Kristjana Guðlaugsdóttir og Telma Dögg Guðlaugsdóttir.

Formaður FFA Hafdís Hafsteinsdóttir setti fundinn. Síðan tók Kristjana Guðlaugsdóttir við stjórn fundarins.

## **1. Kynning á nýju fyrirkomulagi FFA**

Kristjana gerði grein fyrir dagskrá vetrarins sem er framundan og kynnti nýtt fyrirkomlag FFA. Sagði hún m.a. að aðalmarkmið þessa nýja fyrirkomulags væri að virkja foreldra enn frekar til að auka samstarf heimilis og skóla. Hingað til hafa sjö stjórnarmenn/konur séð meira og minna um allt er viðkemur félaginu en nú mun verða reynt að virkja fleiri foreldra til góðra verka í þágu nemenda og skólans. Æskilegast væri að sem flestir kæmu að ákvarðanatökum félagsins. Ákveðið hefur verið að halda a.m.k. þrjú félagsfundi fyrir áramót og þrjú eftir áramót þar sem allir foreldrar geta komið og lagt sitt til málanna.

## **2. Kynning á könnun FFA**

Kristjana fór yfir niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir foreldra á viðtalsdegi Akurskóla á haustdögum. Þar lýstu 58% foreldra yfir vilja sínum til að vera virkir foreldrar og taka þátt í starfi FFA. Þá sögðust 34% foreldra ekki vita að þeir væru í FFA sem kom stjórninni þó nokkuð á óvart. Einnig var kannað hvort að foreldrar vildu að FFA stýrði kaupum á hagstæðum ritfangapökkum. 97% foreldra kusu að kaupa ritfangapakka í skólanum. FFA mun vinna að þessum málum í vetur. Kannað var hvort foreldrar vildu halda núverandi skólabúningi. Flestir voru á móti núverandi búningi en mjög margir vildu hins vegar kaupa hettupeysur merktar skólanum.

Hafdís sagði frá því að hún væri að skoða peysur og buxur. Miðað væri við að foreldrar gætu keypt hettupeysur á viðráðanlegu verði. Einnig gætu þeir haft val um að kaupa buxur. Málið er enn í skoðun.

Spurt var hvort að ekki væri skrytið hversu fáir notuðu gallann og nokkur umræðu var um það. Einnig kom fram að Leikskólinn Akur væri með skólabúninga og þar væri nýbúið að innleiða mjög góðar leggings-buxur.

Rætt var að um ekki væri hægt að skikka nemendur til að vera í búningum þar sem það samræmdist ekki grunnskólalögum og þar sem skólayfirvöld væru ekki með afgerandi afstöðu í málinu væri enn erfiðara að halda málinu til streitu. Það væri einu sinni þannig að yfirleitt þyrfti skipunin að koma að ofan.

Fram kom að gott væri að taka nemendur með inn í hönnunarferlið á hettupeysunum til að auka á jákvætt viðhorf til skólabúningsins. Einnig væri nauðsynlegt að auðvelt væri að nálgast búninginn en erfitt hafi reynst að nálgast núverandi skólabúning.

Einn fundarmanna taldi að ritfangapakkinn væri meira forgangsmál en skólabúningarnir. Oft væri erfitt að eltast við ritföngin sem kennarar vildu að keypt væru.

Kristín spurði hvort að allir yrðu þá að kaupa ritfangapakann. Fram kom að ekki væri hægt að skikka fólk til að kaupa pakann en skoðanakönnunin benti til þess að mikill meirihluti foreldra vildi hafa þetta val. Einnig kom fram hjá fundarmönnum að oft væri erfitt að finna réttu ritföngin og oft þyrfti að fara á marga staði til að ná að kaupa allt sem óskað væri. Einnig kæmi fyrir að foreldrar þyrftu að kaupa eitthvað sem aldrei væri notað og þá sætu þeir uppi með ýmis ónotuð ritföng.

### **3. Kynning á hlutverki bekkjarfulltrúa**

Jóna Guðrún fór yfir hlutverk bekkjarfulltrúa/tengiliða inn í bekki og sagði að foreldrar hefðu mikið um það að segja hvernig samskiptum foreldra og skóla væri háttað. Hún fór yfir ýmis praktísk atriði. Upplýsingarnar munu fara á heimsíðu félagsins.

Lovísa sagði að nauðsynlegt væri að fá skólayfirvöld til að marka stefnu varðandi samskipti heimilis og skóla. Mikilvægt væri að umsjónarkennarar kæmu að málum þegar finna á bekkjarfulltrúa/tengiliði inn í bekki. Fagráð getur komið að því máli með því að ræða við skólayfirvöld.

### **4. Kynning á nefndum.**

Kristjana fór yfir nefndarstörf félagsins. Jólaneftndina skipa 6. og 7. bekkur sem mun sjá um kaffisölu og jólaföndur. Foreldrar nemenda í þeim bekkjum verða að koma sér saman um verkaskiptingu.

Páskanefndin er í höndum 4. og 5. bekkjar sem mun sjá um páskabingóið. Páskabingóið hefur verið tvískipt undanfarin ár vegna fjölda þátttakenda. 4. bekkur gæti því séð um fyrra hollið og

5. bekkur um það seinna. Vísað til foreldra í bekkjarhópum 4. – 7. bekkjar sem ráða fram úr verkaskiptingu.

Peysunefndin verður í höndum 10. bekkjar sem mun sjá um sölu á peysum.

Í skólaráði eru tveir fulltrúar foreldra, þær Kristjana Guðlaugsdóttir og Hulda Klara. Magnús Valur Pálsson, foreldri, kemur úr grenndarsamfélaginu. Síðan þarf að skipa í ritnefnd, foreldraráð og ritfanganefnd.

## **5. Nefndarskipan**

Í fagráð foreldra gáfu kost á sér þær Kristín Helgadóttir, Sigríður Guðmundsdóttir og Kristjana Guðlaugsdóttir.

Í ritnefnd gáfu kost á sér þær Helga Andrésdóttir, Guðmunda Hergeirsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir.

Í ritfanganefnd gáfu kost á sér þeir Eysteinn Jónsson, Þór Sigurðsson og Ágúst Aðalbjörnsson.

## **6. Formleg ákvörðun um bekkjarfulltrúa/tengiliði í bekki**

1. bekkur	Kettlingar Helga Andresdóttir og Guðrún Reynisdóttir Hvolpar - Kristín Kristinsdóttir Kálfar – Sigrún Hill
4. – 5. bekkur	Háhyrningar – Kristín Kristinsdóttir Höfrungar - Brynja Oddgeirsdóttir Hnísur – Jóna Guðrún Jónsdóttir og Sigrún Hill
6.-7. bekkur	Kríur – Kristín Helgadóttir og Harpa Eiríksdóttir Kjóar – Jóna Guðrún Jónsdóttir
8. – 9. Bekkur	Þrestir – Hafdís Hafsteinsdóttir, Kristjana Guðlaugsdóttir og Guðbjörg Loftsdóttir Spóar – Dagný Helgadóttir
10. bekkur	Ernir – Kristín Kristinsdóttir

## 7. Önnur mál

Anna Sofía Wahlström kynnti gönguklúbb foreldra sem heitir Akurskóli á iði. Farið hefur verið í nokkrar göngur nú í haust. Reiknað er með þrem göngum að hausti og þrem göngum að vori. Þetta eru fjölskylduvænar göngur og eru þær auglýstar með tölvupósti með nokkurra daga fyrirvara. Anna Sofía, Helga Eiríksdóttir, Erlingur Leifsson og Guðmunda Hergeirsdóttir gáfu kost á sér í gönguklúbbsnefndina. Nefndin tók til starfa nú á haustdögum og heldur ótrauð áfram við að skipuleggja fleiri skemmtilegar fjölskyldugöngur. Helga Andrésdóttir sagði að gott væri að geta þess hversu erfið gangan yrði eins og gert hefur verið. Einnig kom upp sú hugmynd að gaman væri að skrifa um göngurnar í blað skólans, Kornid.

Karólína, kennari við skólann kom með þá tillögu að hægt væri að búa til svolítið skemmtilega stemmningu á námsmatsdögum. Þá væri hægt að vera með sýningu á verkum nemenda auk þess sem mögulegt væri að rúlla myndum úr starfi skólans á stórum skjá á sal. Síðan gæti einhver tiltekinn árgangur tekið að sér kaffisölu, í fjáröflunarskyni, þar sem foreldrar geta keypt sér kaffibolla og með því, sest niður og horft á afraksturinn í rólegheitum.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir